

## Tekist á við óstöðugan markað

**Fjárhagsárið 2008/09**  
**Nettósala 623,7 milljónir evra**  
**EBITDA 54,6 milljónir evra**

### Helstu atriði

- Nettósala nam 623,7 milljónum evra á fjárhagsárinu, sem er 3,7% samdráttur miðað við árið á undan. Sala á 4. ársfjórðungi nam 131 milljón evra sem er 0,8% minna en á sama tíma í fyrra.<sup>1</sup>
- EBITDA fjárhagsársins nam 54,6 milljónum evra, dróst saman um 12,7% milli ára. EBITDA á ársfjórðungnum nam 7 milljónum evra, dróst saman um 17,5%. EBITDA-hlutfall fjárhagsársins var 8,8% en 5,4% fyrir 4. ársfjórðung.
- Hagnaður fjárhagsársins nam 19,1 milljónum evra, dróst saman um 33,4% milli ára. Hagnaður 4. ársfjórðungs nam 2 milljónum evra, dróst saman um 44,8% miðað við sama tíma í fyrra.
- Efnahagskreppa, erfitt neytendaumhverfi, óhagstæðar gengisbreytingar og hátt hráefnisverð á laxi hafði áhrif á sölu félagsins.
- Sjóðsstreymi frá reglulegri starfsemi nam 53 milljónum evra á fjárhagsárinu.
- Fjárhagsleg staða félagsins er áfram sterk og starfsemin stöðug. Nettóskuldir nema 141,6 milljónum evra við enda fjárhagsársins og hlutfall skulda á móti eigin fé 42%.

### Xavier Govare forstjóri:

„Síðasta fjárhagsár var erfitt fyrir félagið þar sem sala var mun tregari auk þess sem efnahags- og lánaumhverfi var mjög erfitt.

Á fjárhagsárinu 2008/09 hafa efnahagsaðstæður í Evrópu versnað til muna og kreppa orðið á lykilmörkuðum félagsins í Bretlandi, Frakklandi og á Spáni. Þetta ástand hefur leitt til samdráttar og ört vaxandi atvinnuleysis. Væntingar neytenda eru í lágmarki og allt þetta hefur hvatt smásöluaðila til að kynna tilboð og afslætti í von um að lokka að viðskiptavinum.

Fyrri og seinni helmingur fjárhagsársins endurspegluðu breytingar á efnahagssumhverfinu og í sölumynstri félagsins.

Fyrri helmingur ársins einkenndist af miklum samdrætti á þeim mörkuðum sem Alfesca starfar á í kjölfar þess að væntingar neytenda drógust saman sem aldrei fyrr. Á seinni helmingi ársins urðu örar breytingar á hegðun neytenda sem völdu frekar ódýrari vörur og höfðu þannig áhrif bæði á sölu félagsins og framlegð. Við bættust örar hækkunar á laxi en lax er stærsti einstaki útgjaldaliðurinn í hráefniskaupum félagsins.

Við þessar erfiðu aðstæður nam heildarsala félagsins 623,7 milljónum evra en dróst saman um 3,7%. EBITDA félagsins dróst saman um 12,6%, nam 54,6 milljónum evra.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Fjárhagsár Alfesca nær frá 1. júlí til 30. júní.

<sup>2</sup> Afkoman sem getið er um eru raunverulegar tölur sem bornar eru saman við bókfærðar tölur síðasta ársfjórðungs.

Samdrátt í EBITDA má rekja til nokkurra lykilþátta eins og óhagstæðrar samsetningar sölunnar þar sem neytendur völdu í auknum mæli vörumerki stórmarkaða fram yfir þekkt gæðavörumerki og ýttu þar með undir þá þróun þar sem keyptar eru ódýrari vörur með minni framlegð.

Við bætist að mikil hækkun á hráefnisverði á laxi hafði neikvæð áhrif á afkomuna en verð á laxi hækkaði næstum til jafns við þær methækkningar sem urðu á árinu 2006. Verðhækkun á laxi má að mestu rekja til snarminnkandi framboðs sem aftur má rekja til blóðleysissjúkdóms (ISA) í chílenskum laxi (talið er að þetta áfall hafi minnkað laxaframleiðslu í Chíle um meira en 50%). Þessi skortur á laxi olli mun meiri eftirspurn eftir laxi frá norskum framleiðendum en Alfesca kaupir mest af sínum laxi frá Noregi.

Óhagstæð gengisþróun hafði einnig neikvæð áhrif á afkomu félagsins, sérstaklega veikt gengi Sterlingspundsins. Gengisfall pundins hækkaði ekki aðeins verð innfluttra vara í Bretlandi eins og rækju, en viðskipti með hana fara fram í dollurum, heldur hafði það neikvæð áhrif þegar uppgjör rekstrarins í Bretlandi var umreiknað í evrur. Neikvæð gengisþróun hafði neikvæð áhrif á EBITDA félagsins um sem nemur 3 milljónum evra ef notað er fast gengi milli ára.

Á fjárhagsárinu var farið í markvissar aðgerðir til að koma rekstrinum í gegnum efnahagssamdráttinn og til að bæta upp hækkingu verðs á laxi. Til að viðhalda framlegð var reynt að fara í nauðsynlegar verðhækkningar en ekki var auðvelt að koma þeim í framkvæmd vegna erfiðs efnahagsumhverfis. Þess í stað fjárfestum við í aðgerðum til að geta boðið hagstæðari verð og mæta þannig betur þörfum viðskiptavina og neytenda. Reiknað er með að framhald verði þar á á yfirstandandi fjárhagsári.

Samhliða versnandi efnahagsaðstæðum og versnandi afkomu félagsins var auk þess farið í ýmsar aðgerðir á liðnu fjárhagsári í þeim tilgangi að minnka kostnað félagsins og styðja þannig við aukinn hagnað til framtíðar. Okkur tókst að ljúka lykilverkefni í hagræðingu sem fól í sér sameiningu á ákveðnum lykilþáttum starfseminnar; innleiðingu sameiginlegs tölvukerfis auk innleiðingar á skilvirkara skipuriti fyrir starfseminna í Frakklandi. Að auki var lokið við sameiningu á framleiðslueiningum Blini og LTG. Þá var einu sláturhúsi félagsins lokað og allri sláturstarfsemi komið undir eitt þak í Suðvestur-Frakklandi. Loks var áhersla lögð á að auka áfram skilvirkni framleiðslunnar.

Efnahagsástandið og horfurnar fyrir nýhafið fjárhagsár eru háðar óvissu. Við reiknum með að hráefnisverð á laxi muni áfram hafa áhrif á afkomu félagsins. Þrátt fyrir að eftirspurn eftir vörum félagsins ætti að haldast tiltölulega stöðug virðist tilhneiging neytenda til að leita eftir ódýrari vörum ætla að halda áfram og því mun geta félagsins til að mæta kröfum síbreytilegra markaðsaðstæðna skipta sköpum.“

## LYKILTÖLUR

Income statement € million	08/09 Q4	08/09 Q3	08/09 Q2	08/09 Q1	07/08 Q4
Net sales	131.0	118.3	249.2	125.2	132.0
Cost of goods sold	(113.5)	(101.1)	(195.7)	(106.0)	(114.5)
Gross profit	17.5	17.2	53.5	19.2	17.5
Gross margin %	13.4%	14.5%	21.5%	15.3%	13.2%
Operating expenses	(21.1)	(17.6)	(23.2)	(17.9)	(14.8)
EBIT	-3.7	-0.4	30.3	1.4	2.6
EBIT %	-2.8%	-0.3%	12.1%	1.1%	2.0%
Net financial expenses	(1.2)	(3.1)	(4.2)	(2.3)	(2.6)
Income tax	6.9	3.1	(8.3)	0.6	3.5
Net profit for the period	2.0	-0.3	17.8	-0.3	3.5
EBITDA	7.0	6.1	35.1	6.4	8.5
EBITDA %	5.4%	5.2%	14.1%	5.1%	6.4%

## Balance sheet - Assets

€ million	30/06/2009		30/06/2008		Var
Intangible assets	340.5	51%	346.9	51%	-2%
Operational assets	102.0	15%	106.1	16%	-4%
Long-term investments	10.2	2%	12.3	2%	-17%
<b>Non current Assets</b>	<b>452.6</b>	<b>68%</b>	<b>465.3</b>	<b>69%</b>	<b>-3%</b>
Inventories	93.0	14%	107.5	16%	-13%
Receivables	61.0	9%	60.6	9%	1%
Bank deposits and cash	58.1	9%	42.2	6%	37%
<b>Current assets</b>	<b>212.1</b>	<b>32%</b>	<b>210.4</b>	<b>31%</b>	<b>1%</b>
<b>Total assets</b>	<b>664.7</b>	<b>100%</b>	<b>675.7</b>	<b>100%</b>	<b>-2%</b>

## Balance sheet - Shareholders equity and liabilities

€ million	30/06/2009		30/06/2008		
<b>Shareholders equity</b>	<b>338.5</b>	<b>51%</b>	<b>321.7</b>	<b>48%</b>	<b>5%</b>
Long-term liabilities	168.7	25%	182.8	27%	-8%
Deferred tax liabilities	36.3	5%	44.6	7%	-19%
Obligations	7.8	1%	7.6	1%	2%
<b>Long-term liabilities and obligations</b>	<b>212.8</b>	<b>32%</b>	<b>235.1</b>	<b>35%</b>	<b>-9%</b>
Bank loans	15.9	2%	14.9	2%	7%
Current maturities of long-term debt	15.2	2%	10.5	2%	45%
Other current liabilities	36.2	5%	34.9	5%	4%
Trade payables	46.1	7%	58.7	9%	-21%
<b>Current liabilities</b>	<b>113.4</b>	<b>17%</b>	<b>118.9</b>	<b>18%</b>	<b>-5%</b>
<b>Shareholders equity and liabilities</b>	<b>664.7</b>	<b>100%</b>	<b>675.7</b>	<b>100%</b>	<b>-2%</b>

Cash Flow € million	FY 08/09	FY 07/08	Var %
<b>Cash Flow from operating activities</b>	<b>54.1</b>	<b>60.2</b>	<b>-10%</b>
Working Capital provided by operating activities	3.7	0.9	314%
Tax paid / received	-4.8	-1.0	388%
<b>Net Cash flow from operating activities</b>	<b>53.0</b>	<b>60.1</b>	<b>-12%</b>
Capital expenditures	-18.6	-22.6	-18%
Increase (Decrease) in loans and advance made	1.0	-0.9	ns
Proceeds from asset sales and other	0.2	0.3	-34%
Proceeds and acquisition of subsidiaries		-1.0	-100%
<b>Net Cash flow from investing activities</b>	<b>-17.4</b>	<b>-24.1</b>	<b>-28%</b>
<b>FREE CASH FLOW</b>	<b>35.6</b>	<b>36.0</b>	<b>-1%</b>
<b>Net Cash flow from financing activities</b>	<b>-19.2</b>	<b>-19.5</b>	<b>-2%</b>
<b>Change in cash for the period</b>	<b>16.5</b>	<b>16.5</b>	<b>0%</b>

### REKSTRARYFIRLIT<sup>3</sup>

Net Sales (pro forma)		Q4		
€ thousands	% of total	Apr.-June 09	Apr.-June 08	Var. %
Smoked Salmon & Other fish	43%	58,776	54,288	8.3%
Prawns	9%	12,622	14,596	-13.5%
Foie Gras & Other Duck Products	6%	8,643	7,367	17.3%
Blini & Spreadables	41%	55,702	56,114	-0.7%
<b>Total (like for like)</b>	<b>100%</b>	<b>135,743</b>	<b>132,365</b>	<b>2.6%</b>

Net Sales (pro forma)		Q4 YTD		
€ thousands	% of total	Apr.-June 09	Apr.-June 08	Var. %
Smoked Salmon & Other fish	46%	296,629	294,237	0.8%
Prawns	18%	118,324	122,458	-3.4%
Foie Gras & Other Duck Products	6%	36,988	36,696	0.8%
Blini & Spreadables	30%	198,111	198,247	-0.1%
<b>Total (like for like)</b>	<b>100%</b>	<b>650,052</b>	<b>651,636</b>	<b>-0.2%</b>

Salan á 4. ársfjórðungi nam 131 milljón evra og var stöðug miðað við sama tíma í fyrra þrátt fyrir neikvæð áhrif erfiðs efnahagssumhverfis og lítilla væntinga neytenda.

Eins og áður hefur verið getið einkenndist seinni helmingur fjárhagsársins af miklum óstöðugleika þegar lítið er til neyslu. Afkoma Alfesca á 4. ársfjórðungi varð áfram fyrir neikvæðum áhrifum af háum kostnaði aðfanga, sérstaklega laxi, minni neyslu og þeirri viðvarandi tilhneigingu neytenda að leita ódýrari vara við innkaup. Ennfremur hafði markaðssetning og óhagstæð samsetning sölunnar áhrif á

<sup>3</sup> Vegna samanburðar eru tiltekna tölur birtar á pro forma grundvelli. Slíkar tölur endurspeglar fjárhagsupplýsingar þannig að frávik sem rekja má til skipulags sölunnar, gengismunar sterlingspunds gagnvart evru eða einkisþreifyringa eru útilokuð, þar á meðal kaup og sala eigna.

afkomuna samfara minnkandi neyslu í Evrópu. Hins vegar hafði staðsetning páska innan 4. ársfjórðungs áhrif til hins betra.

Á samanburðargrundvelli eru stjórnendur félagsins ánægðir með sölu 4. ársfjórðungs á reyktem laxi og fiski en hún jókst um 8,3%. Einnig er mikil ánægja með söluna á blini og smurvörum en hún jókst um heil 17,3% á samanburðargrundvelli. Þá var sala á rækjum og skelfiski á samanburðargrundvelli tiltölulega stöðug, dróst saman um aðeins 0,7%. Hins vegar hrapaði sala á andalifrarkæfu og andakjöti um 13,5% á fjórðungnum. Þegar litið er til óvenjulega erfiðra markaðsaðstæðna verður ekki sagt annað en að afkoma Alfesca sé viðunandi, jafnvel þótt viðbrögðin við þessari niðurstöðu séu að leitað verði allra leiða til aðgerða og aðlögunar á áætlunum félagsins í þeim tilgangi að gera það betur í stakk búið til að skila bættri afkomu.

Starfsemi Alfesca í Bretlandi snerist til hins betra eftir neikvæða þróun á fyrri helmingi ársins. Sala á samanburðargrundvelli jókst um 0,3% á 4. ársfjórðungi borið saman við sama tíma í fyrra.

Í heildina jókst salan í Frakklandi um 4,7% á samanburðargrundvelli en það er viðsnúningur frá neikvæðri þróun á ársfjórðungnum á undan og endurspeglar viðkvæma en batnandi stöðu á neytendamarkaði. Stjórnendur félagsins eru þess vel meðvitaðir að franskir neytendur munu áfram fara varlega í heimilisútgjöldum sem þýðir að þeir munu kaupa minna af merkjavöru en meira af vörumerkjum stórmarkaða og afsláttarvörum. Ánægjulegt er að sjá sérlega góða afkomu bliniframleiðslunnar en sala á samanburðargrundvelli jókst verulega eða um 17,3% á 4. ársfjórðungi en afkoman var neikvæð á fyrri helmingi ársins.

Sala Alfesca í Suður-Evrópu, þ.e. á Spáni og Ítalíu, var stöðug, jókst um 0,4%. Þessi tala felur hins vegar í sér miklar andstæður í sölu félagsins á Spáni annars vegar og á Ítalíu hins vegar. Eins og á 3. ársfjórðungi var mikil söluaukning á Ítalíu en samdráttur á Spáni. Þar hefur veikt neytendaumhverfi, of mikil framleiðslugeta og gríðarlega hörð samkeppni, þar sem vörumerki stórmarkaða eru ráðandi, afgerandi áhrif á afkomuna.

## Reyktur lax og fiskur

Net Sales (pro forma)		Q4		
€ thousands	% of total	Apr.-June 09	Apr.-June 08	Var.%
Smoked Salmon & Other fish	43%	58,776	54,288	8.3%

Net Sales (pro forma)		Q4 YTD		
€ thousands	% of total	Apr.-June 09	Apr.-June 08	Var.%
Smoked Salmon & Other fish	46%	296,629	294,237	0.8%

Sala á reyktem laxi og fiski jókst um 8,2% á samanburðargrundvelli miðað við sama tíma í fyrra. Afkoma þessa ársfjórðungs bætir upp neikvæða þróun í ársbyrjun en þar skiptir miklu að páskar lentu innan 4. ársfjórðungs.

Margir ólíkir þættir hafa áhrif á afkomuna í reyktem laxi og fiski og áhrif á einstök dótturfélög sem starfa á ólíkum mörkuðum eru mismikil.

Heildarafkoma í reyktem laxi og fiski sveiflaðist milli mánaða en almennt varð vart svipaðra tilhneingna og hjá allri samstæðunni, þar sem neytendur keyptu minna af hágæðavöru en völdu í staðinn ódýrari vöru eða vörumerki stórmarkaða. Þessi tilhneiging, sem byrjaði á fyrri helmingi fjárhagsársins, hafði jákvæð áhrif á magntölur en mjög neikvæð áhrif á sölusamsetninguna og framlegðina.


Salan í Bretlandi og Frakklandi á 4. ársfjórðungi var jákvæð, bæði með tilliti til magns og verðmætis. Samanlögð sala á öðrum fiskafurðum í Frakklandi eins og þorski (þurrkuðum og söltuðum) og síld var tiltölulega stöðug á ársfjórðungnum.

Hráefnisverð á norskum laxi varð óvenjulega hátt á ársfjórðungnum í samanburði við síðasta ár en meðalverð var 36,8 norskar krónur kílóíð. Hins vegar dró úr áhrifum hærra laxaverðs á framlegð af sölu á laxi á árinu vegna lægra innkaupsverðs á ársfjórðungnum á undan sem skilaði sér í lægri

framleiðslukostnaði. Full áhrif af hærra hráefnisverði á laxi, sem verða umtalsverð, munu koma fram á yfirstandandi fjárhagsári.

Vísbendingar eru um að verð á laxi verði áfram hátt en stöðugt vegna minnkandi framleiðslu í Chile og enngar framleiðsluaukningar í Skotlandi jafnvel þó nú njóti við lægra hráefnisverðs til skemmri tíma.

**FHL/NOS Prices 4/5 kg gutted salmon in Nok/kg**



Vegna veiks efnahagsumhverfis og væntinga um að verð á laxi verði hátt til lengri tíma snúast áhyggjur okkar að mestu um hvernig koma megi hráefnishækkunum út í verðlagið án þess að missa markaðshlutdeild. Við búumst við að smásöluaðilar muni halda áfram að leggja áherslu á eigin vörumerki til að vernda framlegð sína og fjárfesta í vörukynningum. Sem svar við því hyggjumst við áfram vinna náið með viðskiptavinum okkar við að styrkja kynningarstarf vegna kjarnavara auk þess sem lögð verður áhersla á undirbúning vegna jólahátíðarinnar þegar neyslan nær hámarki. Verða nýjar vörur kynntar í tengslum við jólamánuðinn sem skila munu áherslu okkar á bragðgæði, þægindi og virðisauka til neytenda.

### Rækjur og skelfiskur

Net Sales (pro forma)		Q4		
€ thousands	% of total	Apr.-June 09	Apr.-June 08	Var. %
Prawns and shellfish	41%	55,702	56,114	-0.7%

Net Sales (pro forma)		Q4 YTD		
€ thousands	% of total	Apr.-June 09	Apr.-June 08	Var. %
Prawns and shellfish	30%	198,111	198,247	-0.1%

Í samanburði við minnkandi sölu á tveimur ársfjórðungum á undan var sala Alfesca á rækjum tiltölulega stöðug á 4. ársfjórðungi, nam 51,9 milljónum evra sem samsvarar 0,7% samdrætti á samanburðargrundvelli.

Sölufall á rækjuafurðum var mest í Bretlandi. Til viðbótar við neikvæð áhrif af minni neyslu, óhagstæða samsetningu sölunnar og leit neytenda eftir ódýrari kaldsjávarrækju í stað dýrari afurða af heitsjávarrækju kom verulegt gengisfall Sterlingspundsins. Hins vegar hafði fall poundsins einungis áhrif á verð innfluttrar rækju sem verðlögð er í dollurum á alþjóðamarkaði. Sala á rækju í Frakklandi var hins vegar stöðug.

Í Bretlandi var afkoma af sölu rækju og skelfiskafurða neikvæðari en í Frakklandi, sem endurspeglar almenna tilhneingingu á markaðnum.

Eins og áður hefur komið fram verður rækjuverð áfram tiltölulega hátt vegna ýmissa þátta eins og mikillar eftirspurnar á heimamörkuðum og óhagstæðra gengisbreytinga; veikara Sterlingspunds auk veikari evru á móti Bandaríkjadollar en hvort tveggja hafði áhrif á innkaupsverð á rækju. Sem fyrr er forgangsmál að ná þessum kostnaðarhækkunum til baka.

Afkoman í rækju og skelfiski hefur ekki farið varhluta af efnahagssamdrættinum og helsta hættan felst í þeirri tilhneingingu smásöluaðila á að leggja frekar áherslu á einfalda grunnvöru í þeim tilgangi að lækka verð og spara fé. Til að vinna gegn þessari þróun og ýta undir eftirspurn hefur félagið haldið áfram að fjárfesta í öflugri kynningar- og vörupróunaráætlun. Að auki verður nýjum tækifærum fylgt eftir og leiða leitað til verðhækkana í þeim tilgangi að ná til baka verðhækkunum á hráefni.

Þótt afkoma í rækju og skelfiski hafi almennt verið í minna lagi var hughreystandi að sjá að sölutregðan er á undanhaldi og einnig að sjá má merki um breytingar til batnaðar.

### Andalifrarkæfa og andakjöt

Net Sales (pro forma)		Q4		
€ thousands	% of total	Apr.-June 09	Apr.-June 08	Var. %
Foie Gras & Other Duck Products	9%	12,622	14,596	-13.5%

Net Sales (pro forma)		Q4 YTD		
€ thousands	% of total	Apr.-June 09	Apr.-June 08	Var. %
Foie Gras & Other Duck Products	18%	118,324	122,458	-3.4%

Neikvæð þróun í sölu hélt áfram á 4. ársfjórðungi en salan dróst saman um 13,5% á tímabilinu. Samdrátt í sölu má rekja til minni neyslu á andalifrarkæfu og andakjöti. Forgangsverkefni fyrir þennan þátt starfseminnar er það sama og áður, að halda áfram þeirri vörupróun sem verið hefur.

Nú þegar hráefnisverð hefur lækkað vegna góðrar uppskeru á hveiti og korni er einnig tilhneiging á markaðnum til að verðleggja lágt vegna birgðasöfnunar og veikrar eftirspurnar sem rekja má til erfiðs efnahagsástands á árinu 2009.

Ekki er gert ráð fyrir að ávinningur af lægra hráefnisverði komi fram í afkomu félagsins fyrr en seinna á þessu ári þar sem lægra hráefnisverð er innifalið í núverandi birgðum og nýtist ekki fyrr en þær verða seldar.

Helsta áhyggjuefni félagsins er hins vegar offramleiðsla á andalifur hjá tilteknum birgjum sem hafa umtalsverðra hagsmuna að gæta og áhrifin sem þetta mun að lokum hafa á endanlegt útsöluverð til neytenda þegar þessar umframbirgðir verða til sölu. Við bætist að búist er við að almennt neytendaumhverfi verði áfram frekar erfitt og að smásöluaðilar muni áfram leggja áherslu á sölu eigin vörumerkja til að vernda framlegð sína.

Því er forgangsverkefni að vinna áfram náið með viðskiptavinum okkar í að efla kynningu á andalifrarkæfu og andakjöti og vera tilbúin með nýjar vörur fyrir hið mikilvæga jólatímabil. Undirbúningur fyrir jólasöluna er á verkefnalista komandi mánaða, vörupróun er öflug og samvinna við viðskiptavini er góð.



## Blini og smurvörur

Net Sales (pro forma)		Q4		
€ thousands	% of total	Apr.-June 09	Apr.-June 08	Var. %
Blini & Spreadables	6%	8,643	7,367	17.3%

Net Sales (pro forma)		Q4 YTD		
€ thousands	% of total	Apr.-June 09	Apr.-June 08	Var. %
Blini & Spreadables	6%	36,988	36,696	0.8%

Framhald varð á góðri sölu á blini og smurvörum á 4. ársfjórðungi en salan jókst um 17,3% á samanburðargrundvelli. Þessa jákvæðu þróun má að miklu leyti rekja til þess að Tassos, einn helsti keppinautur Alfesca á þessum markaði, hætti sölu og varð gjaldþrota. Alfesca tókst að nýta sér þau tækifæri sem í þessu fólust og auka bæði söluna og markaðshlutdeild.

Við höldum sömu áherslum og áður en þær felast í öflugu kynningar- og vörupróunarstarfi. Við höfum kynnt nýja vörulínu sem ætluð er til daglegrar neyslu eins og pönnukökur og ýmis konar snarlvörur.

Lokið hefur verið við upphaflega áætlun okkar um aukna skilvirkni og sparnað en í henni fólst að færa verksmiðjur okkar undir eitt þak og þar með ýta undir sameiningu dótturfélagana Blini og LTG. Þessum áfanga var lokið innan tilsetts tímaramma og 500 þúsund evra kostnaðaráætlun hélt. Unnið er að sölu verksmiðja sem störfuðu undir merkjum LTG.



## FJÁRHAGSYFIRLIT

Income statement € million	Q4			Q4 YTD		
	08/09	07/08	Var %	08/09	07/08	Var %
Net sales	131.0	132.0	-0.8%	623.7	647.4	-3.7%
Cost of goods sold	(113.5)	(114.5)	-0.9%	(516.4)	(534.7)	-3.4%
Gross profit	17.5	17.5	0.0%	107.3	112.7	-4.7%
Gross margin %	13.4%	13.3%		17.2%	17.4%	
Operating expenses	(21.1)	(14.8)	42.9%	(79.8)	(70.4)	13.4%
EBIT	-3.7	2.7	ns	27.5	42.2	-34.9%
EBIT %	-2.8%	2.0%		4.4%	6.5%	
Net financial expenses	(1.2)	(2.6)	-53.3%	(10.7)	(9.8)	9.0%
Net profit before taxes	-4.9	0.1	ns	16.8	32.4	-48.2%
Income tax	6.9	3.5	95.8%	2.3	(3.7)	ns
Net profit for the period	2.0	3.6	-44.8%	19.1	28.6	-33.4%
EBITDA	7.0	8.5	-17.5%	54.6	62.5	-12.7%
EBITDA %	5.4%	6.4%		8.8%	9.7%	

Sala Alfesca á 4. ársfjórðungi nam samtals 131 milljón evra samanborið við 132 milljónir á sama tíma í fyrra.<sup>4</sup> Við lok fjárhagsársins nam heildarsala félagsins 623,7 milljónum evra sem samsvarar 3,7% samdrætti miðað við árið á undan. Frekari greiningu á sölu eftir meginstoðum félagsins er að finna í kaflanum Rekstraryfirlit hér á undan.

Tap af reglulegri starfsemi nam 3,7 milljónum evra á ársfjórðungnum samanborið við 2,7 milljóna evra hagnað á sama ársfjórðungi í fyrra. Veikara gengi Sterlingspunds gagnvart evru hafði áhrif á afkomu ársfjórðungsins en vegna þess minnkaði EBITDA félagsins um 0,4 milljónir evra. Fyrir fjárhagsárið í heild varð hagnaður af reglulegri starfsemi 27,5 milljónir evra samanborið við 42,2 milljónir árið á undan.

EBITDA nam 7 milljónum evra á 4. ársfjórðungi samanborið við 8,5 milljónir á sama tíma í fyrra. EBITDA hlutfall 4. ársfjórðungs var 5,4%. Heildarhagnaðarhlutfall samstæðunnar á fjórðungnum jókst lítillega, varð 13,4% samanborið við 13,3% á sama tíma í fyrra.

Rekstrarkostnaður varð 21,1 milljón evra samanborið við 14,8 milljónir á sama ársfjórðungi í fyrra. Þessa hækkun má rekja til hærri bókhaldskostnaðar í tengslum við hlutfjárátætlun í samræmi við grein 2 í reglum um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), kostnaðar vegna rýrnunar óefnislegra eigna upp á 5,4 milljónir evra og annars kostnaðar í tengslum við endurskipulagningu starfseminnar í Frakklandi. Ef lítið er framhjá einskíptiskostnaði var rekstrarkostnaður samstæðunnar 12% lægri í samanburði við sama ársfjórðung í fyrra.

Miðað við stöðugan grundvöll gengisbreytinga og einskíptishreyfinga var EBITDA samstæðunnar 7,5 milljónir evra á fjórðungnum samanborið við 8,4 milljónir á sama tíma í fyrra. Á sama pro forma grundvelli var EBITDA-hlutfall fjórðungsins 5,7% sem er 0,7 prósentustiga lækkun frá sama ársfjórðungi í fyrra.

Í lok fjárhagsársins nam EBITDA samstæðunnar 54,6 milljónum evra samanborið við 62,5 milljónir árið á undan. Neikvæðan samanburð milli ára má rekja til veikari stöðu Sterlingspunds gagnvart evru en áhrif þess á EBITDA samstæðunnar nam um það bil 3,0 milljónum evra. EBITDA-hlutfall fjárhagsársins var 8,8% en var 9,7% fyrir árið á undan.

Fjármagnskostnaður ársfjórðungsins nam 1,2 milljónum evra samanborið við 2,6 milljónir á sama tíma í fyrra. Hækkunina má aðallega rekja til betri lausafjárstöðu og lægri lántökukostnaðar á fjórðungnum. Fjármagnskostnaður fjárhagsársins nam 10,7 milljónum evra samanborið við 9,8 milljónir árið á undan.

Tekjuskattur ársfjórðungsins nam inneign upp á 6,7 milljónir evra samanborið við 3,5 milljónir á sama tíma í fyrra. Þessa miklu hækkun má rekja til skattainneignar sem varð til vegna

<sup>4</sup> Fjárhagsár Alfesca nær frá 1. júlí til 30. júní.

endurskipulagningarvinnu sem getið er hér að framan. Tekjuskattur fyrir allt fjárhagsárið var neikvæður um 2,3 milljónir evra samanborið við kostnað upp á 3,7 milljónir árið á undan en ástæður þessa eru skýrðar hér að framan.

Nettóhagnaður ársfjórðungsins nam 2 milljónum evra samanborið við 3,6 milljóna hagnað á sama tíma í fyrra. Á öllu fjárhagsárinu nam hagnaðurinn 19,1 milljón evra samanborið við 28,6 milljónir árið á undan.

## Efnahagsreikningur

### Balance sheet - Assets

€ million	30/06/2009		30/06/2008		Var
Intangible assets	340.5	51%	346.9	51%	-2%
Operational assets	102.0	15%	106.1	16%	-4%
Long-term investments	10.2	2%	12.3	2%	-17%
<b>Non current Assets</b>	<b>452.6</b>	<b>68%</b>	<b>465.3</b>	<b>69%</b>	<b>-3%</b>
Inventories	93.0	14%	107.5	16%	-13%
Receivables	61.0	9%	60.6	9%	1%
Bank deposits and cash	58.1	9%	42.2	6%	37%
<b>Current assets</b>	<b>212.1</b>	<b>32%</b>	<b>210.4</b>	<b>31%</b>	<b>1%</b>
<b>Total assets</b>	<b>664.7</b>	<b>100%</b>	<b>675.7</b>	<b>100%</b>	<b>-2%</b>

### Balance sheet - Shareholders equity and liabilities

€ million	30/06/2009		30/06/2008		
<b>Shareholders equity</b>	<b>338.5</b>	<b>51%</b>	<b>321.7</b>	<b>48%</b>	<b>5%</b>
Long-term liabilities	168.7	25%	182.8	27%	-8%
Deferred tax liabilities	36.3	5%	44.6	7%	-19%
Obligations	7.8	1%	7.6	1%	2%
<b>Long-term liabilities and obligations</b>	<b>212.8</b>	<b>32%</b>	<b>235.1</b>	<b>35%</b>	<b>-9%</b>
Bank loans	15.9	2%	14.9	2%	7%
Current maturities of long-term debt	15.2	2%	10.5	2%	45%
Other current liabilities	36.2	5%	34.9	5%	4%
Trade payables	46.1	7%	58.7	9%	-21%
<b>Current liabilities</b>	<b>113.4</b>	<b>17%</b>	<b>118.9</b>	<b>18%</b>	<b>-5%</b>
<b>Shareholders equity and liabilities</b>	<b>664.7</b>	<b>100%</b>	<b>675.7</b>	<b>100%</b>	<b>-2%</b>

Efnahagsreikningur samstæðunnar stóð í 664,7 milljónum evra þann 30. júní 2009 en var 675,7 milljónir við lok fjárhagsársins á undan. Þrátt fyrir að efnahagsreikningurinn sé mjög sambærilegur milli ára þá endurspeglar hann umtalsverða breytingu til batnaðar varðandi fjárhagslega stöðu félagsins:

- sterkari fjárhagslega uppbyggingu þar sem hlutfé jókst um 17 milljónir evra um leið og nettóskuldir drógust saman um 24,5 milljónir evra á árinu;
- minnkandi veltufé frá rekstri sem rekja má að mestu til minni birgðastöðu sem er tilkomin vegna mikillar áherslu á aðgerðaáætlun stjórnenda.

Þann 30. júní 2009 nam haldbært skammtímafé 42,2 milljónum evra samanborið við 27,4 milljónir árið á undan og eiginfjárlutfall samstæðunnar nam 50,9% samanborið við 47,6% í lok árs í fyrra.

## Sjóðsstreymi

Cash Flow € million	FY 08/09	FY 07/08	Var %
<b>Cash Flow from operating activities</b>	<b>54.1</b>	<b>60.2</b>	<b>-10%</b>
Working Capital provided by operating activities	3.7	0.9	314%
Tax paid / received	-4.8	-1.0	388%
<b>Net Cash flow from operating activities</b>	<b>53.0</b>	<b>60.1</b>	<b>-12%</b>
Capital expenditures	-18.6	-22.6	-18%
Increase (Decrease) in loans and advance made	1.0	-0.9	ns
Proceeds from asset sales and other	0.2	0.3	-34%
Proceeds and acquisition of subsidiaries		-1.0	-100%
<b>Net Cash flow from investing activities</b>	<b>-17.4</b>	<b>-24.1</b>	<b>-28%</b>
<b>FREE CASH FLOW</b>	<b>35.6</b>	<b>36.0</b>	<b>-1%</b>
<b>Net Cash flow from financing activities</b>	<b>-19.2</b>	<b>-19.5</b>	<b>-2%</b>
<b>Change in cash for the period</b>	<b>16.5</b>	<b>16.5</b>	<b>0%</b>

Í loks fjárhagsársins reyndist handbært fé frá rekstri hafa dregist saman um 7 milljónir evra miðað við árið á undan sem endurspeglar að mestu minni nettóhagnað. Hins vegar hafði minna veltufé frá rekstri, sem útskýrt er í kaflanum um efnahagsreikninginn hér að ofan, þau áhrif að sjóðsstreymi varð jákvætt um 3,7 milljónir evra.

Fjármagnskostnaður fjárhagsársins var lægri en árið á undan um sem nemur 4 milljónum evra í kjölfar þess að stjórnendur hertu eftirlit með útgreiðslum allt árið.

## HORFUR

Afkoma Alfesca endurspeglar þrautseigju við afar erfiðar efnahagsaðstæður á fjárhagsárinu. Reiknað er með að næsta ár verði ekki síður erfitt.

Megináhyggjur okkar snúast um breytta hegðun neytenda og þann samdrátt í neyslu sem af henni hlýst. Reiknað er með að eftirspurn eftir vörum félagsins verði stöðug en framhald virðist ætla að verða á þeirri tilhneigingu neytenda að leita eftir ódýrari vörum. Geta félagsins til að mæta þeim kröfum sem breyttar markaðsaðstæður fela í sér mun skipta sköpum varðandi afkomuna.

Annað megináhyggjuefni er þróun hráefnisverðs, sérstaklega á laxi og rækju. Við reiknum með að hráefnisverðið verði mjög hátt vegna almenns ósamræmis milli framboðs og eftirspurnar.

Vel heppnuð vinna við samþættingu og sparnað mun halda áfram og við trúum því að sterk rekstrar- og fjárhagsstaða félagsins muni koma því til góða þegar markaðir eflast að nýju.

## Samþykki stjórnar

Stjórn Alfesca samþykkti uppgjör félagsins fyrir 4. ársfjórðung á fundi sínum 8. september 2009.

Ársuppgjörið hefur verið gert samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) og hefur verið endurskoðað af endurskoðendum félagsins, Deloitte hf.

## Næstu fundir

Aðalfundur Alfesca verður haldinn mánudaginn 16. nóvember 2009. Fjárhagsdagatal verður birt fyrir fundinn ef tilefni er til.

Enginn sérstakur kynningarfundur verður haldinn til að kynna rekstrarniðurstöður 4. ársfjórðungs.

## Nánari upplýsingar veita:

Philippe Perrineau	framkvæmdastjóri fjármálasviðs	+354 477 7000
Antony Hovanesian	framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar	+354 477 7000
Hrefna Ingólfssdóttir	forstöðumaður samskiptasviðs	+354 477 7007

Fréttatilkynning þessi er birt á bæði ensku og íslensku. Ef um misræmi er að ræða gildir enski textinn.

## Um Alfesca

Alfesca er í fremstu röð matvælaframleiðenda í Evrópu á þeim sviðum sem fyrirtækið starfar. Meginstoðirnar í starfsemi félagsins eru fjórar: Reyktur lax og annar fiskur, andalifur (foie gras) og andakjöt, rækjur og annar skelfiskur og pönnukökur (blini) og smurvörur ásamt ídýfum. Vörur fyrirtækisins eru seldar undir vörumerkjum þess eins og Labeyrie, Blini, Delpierre, Skandia, Lyons og Farne. Fyrirtækið framleiðir einnig töluvert fyrir vörumerki annarra, einkum í Bretlandi, Frakklandi og á Spáni. Árleg velta er um 624 milljónir evra og starfsmenn eru um 3.600.

Alfesca er skráð í Norrænu OMX-kauphöllinni á Íslandi (OMXI: A).

Upplýsingar um Alfesca er að finna á [www.alfesca.com](http://www.alfesca.com).

## Almennur lagafyrirvari

Í þessari tilkynningu er að finna spár um fjárhagsstöðu og afkomu af rekstri og starfsemi Alfesca. Í eðli sínu tengjast spár og áætlanir áhættu og óvissu þar sem þær eru tengdar atburðum og háðar aðstæðum sem munu eiga sér stað í framtíðinni. Ýmsir þættir geta orðið til þess að raunverulegur árangur eða þróun mála verði í veigamiklum atriðum frábrugðin því sem fram kemur eða gefið er í skyn í þessum spám eða horfum. Meðal þessara þátta eru hættan á að þróun nýrra vara muni ekki skila tilætluðum árangri, gengissveiflur, samkeppni, verðstýring og verðlækkningar, erfiðleikar við að fá opinber leyfi fyrir vörur og viðhalda þeim, hætta á verulegum skaðsemissábyrgðarkröfum eða hætta á ábyrgð vegna umhverfistjóns.